



Alþingi - nefndasvið

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksfjöldi íbúa) 378. mál - umsögn Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborgar styður meginefni frumvarpsins og vísar til umfjöllunar í umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga. Reykjavíkurborg styður sérstaklega að heimildir til notkunar fjarfundarbúnaðar verði rýmkaðar varanlega. Þótt staðfundir séu að meginreglan í fundum sveitarfélags hefur Covid-ástandið sýnt ákveðna kosti þess að bjóða upp á þann möguleika að sveitarstjórn, ráð og nefndir geti heimilað fundarmönnum að taka þátt í fundum með notkun fjarfundarbúnaðar.

Kostirnir eru meðal annars:

- sparnaður í vegna styttri ferðatíma milli fundarstaða
- sparnaður vegna þess að ekki þarf að kalla til varamenn ef aðalmaður kemst ekki á fund en getur tekið þátt í fjarfundi (t.d. vegna minniháttar veikinda)
- fagþekking viðhelt betur með minni þörf fyrir að kalla inn varamenn
- auknir fjarfundarmöguleikar styðja við hugmyndafræði um fjölskylduvænan vinnustað

Reykjavíkurborg mælir þó með að slakað verði á eða fellt út það skilyrði að kjörnir fulltrúar þurfi að vera staðsettir innan sveitarfélags. Það skilyrði er óþarft og getur skapað óþarfa vafa um lögmæti fundar. Það skapar líka óþarfa misvægi milli sveitarfélaga og kjörinna fulltrúa, til dæmis gætu sumir sveitarstjórnarmenn sinnt störfum sínum í sóttvarnarhúsi, en ekki aðrir. Reykjavíkurborg mælir því með að greinin orðist svo:

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður og sveitarstjórnarmaður er staddur innan lands. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Reykjavíkurborg styður frumvarpið sé samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til. Enn fremur leggur Reykjavíkurborg til að varanlegar heimildir til notkunar fjarfundarbúnaðar verði lögfestar óháð því hvort önnur atriði frumvarpsins, sem meiri deilur virðast vera um, nái fram að ganga. Fulltrúar Reykjavíkurborgar óska eftir því að gera grein fyrir þeim

sjónarmiðum sem fram koma í umsögn þessari á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd.

Virðingarfyllt

Pawel Bartoszek, forseti borgarstjórnar
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar